

9.bekkur

Kennsluáætlanir



Efnisyfirlit

Danska	bls. 3
Enska.....	bls. 6
Íslenska.....	bls. 9
Íþróttir.....	bls. 14
Náttúrugreinar.....	bls. 17
Samfélagsgreinar.....	bls. 20
Stærðfræði.....	bls. 23
Sund.....	bls. 26
Sviðslistir.....	bls. 29

Danska

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Efla færni í dönsku, æfa lesskilning, orðaforða, ritun og tal.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Lesbók og vinnubók b "TAK" og lesbók og vinnubók "dejlig er Danmark". Lige i lommen, dansk her og nu á vef mms.is. Ýmsar kvikmyndir, spil og verkefni af netinu.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Vinnubækur, hópverkefni, heimildavinna, samræður, spil, kynningar og ritanir

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, kynningar, kaflapróf, ritanir og samtöl.

Viðmið úr námskrá

GF danska 9. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

GF danska 9. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

GF danska 9. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

GF danska 9. bekkur - Frásögn

- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni.

Danska

Viðmið úr námskrá

Kennari: Arnheiður Jónsdóttir

GF danska 9. bekkur - Ritun

- Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.

GF danska 9. bekkur - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.
- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.
- Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.

GF danska 9. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.

Enska

Kennari: Brynhildur R Vilhjálmsdóttir

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Nemendur efla færni sína í ensku, hvort sem það er ritað eða talað mál, skriflegu námi eða lestri.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Spotlight 9 les- og vinnubók, The fault in our star, Killing Mr Griffin og fl, Ýmislegt námsefni ef netinu, námsleikir og fleira.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Vinnubók og lesbók. Hópverkefni, einstaklingsvinna og fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, nemendur vinna ýmiskonar verkefni og skila sem er svo safnað saman og mynda símat.

Enska

Kennari: Brynhildur R Vilhjálmsdóttir

Viðmið úr námskrá

GF enska 9. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

GF enska 9. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

GF enska 9. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

Enska

Viðmið úr námskrá

Kennari: Brynhildur R Vilhjálmsdóttir

GF enska 9. bekkur - Frásögn

- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni og af nokkru öryggi.

GF enska 9. bekkur - Ritun

- Skrifað ýmsar gerðir af textum og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflíð njóta sín.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

GF enska 9. bekkur - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið.

GF enska 9. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.

Íslenska

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Ýmis verkefni í eftirfarandi þáttum:

-Bókmenntir, ritun, málfræði, talað mál og framsögn og stafsetning.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Námsumhverfið Google Classroom, Skólavefurinn(nemendaáskrift), Gegnum holt og hæðir, Kveikjur, ýmsar smásögur, Málið í mark - fallorð, Skrifinnur, Hugfinnur, lesskilningsverkefni, efni frá kennara o.fl.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir, einstalings-, para- og hópavinna, heildstæð verkefni, tjáning, umræður, heimildarvinna, Google Classroom, Skólavefnum o.fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, sjálfsmat, jafningjamat, kannanir o.fl.

Kennari: Halldóra María Elíasdóttir

Íslenska

Viðmið úr námskrá

GF Íslenska 9.bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.

Kennari: Halldóra María Elíasdóttir

Íslenska

Viðmið úr námskrá

GF Íslenska 9.bekkur - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem sjónarhorni, boðskap.
- Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. [06]
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.

Kennari: Halldóra María Elíasdóttir

Íslenska

Viðmið úr námskrá

GF Íslenska 9.bekkur - Ritun

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.
- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.
- Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.
- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.

Íslenska

Viðmið úr námskrá

GF Íslenska 9.bekkur - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.

Íþróttir

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmið íþróttakennslu er að örva þroska nemandans og efla afkastagetu hans, s.s. bæta styrk, þol og færni í fín- og grófhreyfingum. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu og að þeir læri m.a. að taka sigri/ósigri. Áhersla er lögð á jákvæðni í samskiptum, að fara eftir fyrirmælum og taka tillit til annarra. Að nemendur hafi ánægju af íþróttum horfi á þær sem jákvæða upplifun. Læri að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttanna og/eða líkams- og heilsuræktar og fái þannig vitneskju um mikilvægi heilsuverndar.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Nemendur skulu tileinka sér að mæta alltaf með viðeigandi fatnað og fara í sturtu eftir tíma.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Bein kennsla, sýnikennsla, verklegar æfingar, hópavinna. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni - mikil áhersla á að allir taki þátt og geri sitt besta.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Ástundun/þátttaka, vinnuframlag í tímum, samvinna, kurteisi, jákvæði og fara eftir fyrirmælum kennara. Símat þar sem farið er markvisst yfir þá þætti sem koma fram í hæfnikortum nemenda.

Íþróttir

Viðmið úr námskrá

GF íþróttir 8.-10.bekkur - Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Tekið virkan þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan skólans.
- Sýnt og framkvæmt fjölbreyttar styrktaræfingar.
- Sýnt og framkvæmt liðleikaæfingar fyrir mismunandi vöðvahópa.

GF íþróttir 8.-10.bekkur - Félagslegir þættir

- Sýnir virðingu og góða framkomu í garð samnemenda og kennara.
- Tekið virkan þátt í að taka fram áhöld/búnað og ganga frá eftir tíma.
- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt.
- Skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum og hegðar sér í samræmi við það.


Íþróttir

Viðmið úr námskrá

GF íþróttir 8.-10.bekkur - Heilsa og efling þekkingar

- Skilið hver áhrif hreyfingar eru á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði.
- Sýnt ábyrgð í útivist og ratað um landsvæði eftir korti.
- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans og valið styrktar- og liðleikaæfingar fyrir þá.

GF íþróttir 8.-10.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur

- Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda.
- Fylgir umgengnisreglum íþróttahúss og sundlaugar í hvívetna. 

GF íþróttir 8.-10.bekkur

- Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.
- Geti tekið þátt í að skapa góðan liðsanda með samvinnu, tillitssemi og háttvísi.
- Geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim með markvissum hætti.

Náttúrugreinar

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og náttúru og þær hættur sem steðja að.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Maður og náttúra og eðlisfræði 1. Verkefnið er jörðin í hættu, ýmsar myndir og kennsluefni af netinu.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Verkefnavinna, þemaverkefni samþætt með samfélagsfræði, kynningar.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, kynningar eða aðrar afurðir.

Náttúrugreinar

GF Náttúrugreinar 9.bekkur - Að búa á jörðinni

Viðmið úr námskrá

- Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni.
- Útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar.
- Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.
- Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.

GF Náttúrugreinar 9.bekkur - Lífsskilyrði manna

- Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó.
- Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra.

GF Náttúrugreinar 9.bekkur - Náttúra Íslands

- Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.

Náttúrugreinar

Viðmið úr námskrá

GF náttúrugreinar 9. bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.
- Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.
- Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.

GF náttúrugreinar 9. bekkur

- Geta útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernir þæreru notaðar í fjarskiptum og lækningum

Samfélagsgreinar

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Efla hæfni nemenda til að skilja veruleikann, umhverfið, samfélagið, sögu og menningu.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Um víða veröld - heimsálfur, styrjaldir og kreppa, ýmsar myndir og fréttæfni sem tengist markmiðum námsins.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Verkefnavinna, kynningar, umræður og heimildaleit.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Lokaverkefni, kynningar og verkefni nemenda.

Samfélagsgreinar

Viðmið úr námskrá

GF samfélagsgreinar 9. bekkur - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning:

Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnafrars.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Gert sér grein hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.

Samfélagsgreinar

Viðmið úr námskrá

GF samfélagsgreinar 9. bekkur - Félagsheimur - Samskipti:

Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.

Stærðfræði

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

TALNAREIKNINGUR:

- Prósent - Veldi og ferningsrót - Tugveldi og tölur á staðalformi - Talnamengi

FÖLL

- Línuleg föll - Gröf og formúlur fyrir beinar línur - Empírísk og ólínuleg föll

MÁL OG MÆLIEININGAR:

- Tímaútreikningur - Mælieiningar - Námkvæmni í námundun - Hlutfallareikningur - Samsettar einingar

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Stika 2a nemendabók

Stika 2a æfingahefti

Hugtök í stærðfræði

Efni frá kennara

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða notaðar og reynt að höfða til hvers og eins með einstaklingsmiðuðu námi.

Einstaklingsvinna, hópavinna, samvinnunám, þrautalausnir, vinnubókarvinna, sjálfstæð skapandi viðfangsefni

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Námsmat verður jafnt og þétt yfir allt tímabilið. Leiðsagnarmat, símat, jafningamat, sjálfsmat, kannanir, frammistaða í kennslustundum

Stærðfræði

Viðmið úr námskrá

GF stærðfræði 9. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll.

GF stærðfræði 9. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Valið og notað margvisleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar.

GF stærðfræði 9. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleyðir, m.a. með notkun upplýsingatækni.

Stærðfræði

Viðmið úr námskrá

GF stærðfræði 9. bekkur - Tölur og reikningur

- Leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni í þeim tilgangi.

GF stærðfræði 9. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni.
- Sett fram einföld rúmfræðileg rök og túlkað með rúmfræði.

GF stærðfræði 9. bekkur

- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.
- Túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.

Sund

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Bæta styrk, þol og gróf- og fínheyfingar. Jákvæðni í samskiptum, samvinna og læra að taka si gri/ósigri. Fara eftir f yirmælum, læra reglur og tileinka s ér rétta t ækni í hinum ýmsu sunðaferðum. Tileinka sér þ au atriði sem eru í tileyrandi sundstigi.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Sundföt og handklæði, jafnvel sundgleraugu.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Bein kennsla, sýnikennsla, verklegar æfingar, hópavinna. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni - mikil áhersla á að allir taki þátt og geri sitt besta.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Ástundun/þátttaka, vinnuframlag í tímum, samvinna, kurteisi, jákvæði og fara eftir fyrimælum kennara. Símat þar sem farið er markvisst yfir þá þætti sem koma fram í hæfnikortum nemenda.

Sund

Viðmið úr námskrá

GF sund 9.-10.bekkur - Líkamsvitund - leikni - afkastageta

- 500 metra þolsund. Nemandi notar að lágmarki þrjár sundaðferðir. Ekki skal synda hverja aðferð skemur en 75 metra.
- Tímataka: 50 m skriðsund Drengir: 60 sek. Stúlkur: 62 sek.
- Sund í fötum: stunga af bakka, 50 metra fatasund þar af 8-10 metra kafasund. Troða marvaða og afklæðast á sundi. Synt sömu vegalengd til baka.
- Tímataka: 25 m baksund Drengir 32 sek Stúlkur 34 sek
- Tímataka: 100 m bringusund Drengir 2:20 mín Stúlkur 2:25 mín
- Bringusund í 20 mínútur. Lágmarksvegalengd 600 metrar.
- Björgun af botni laugar og 25 metra björgunarsund.
- Tímataka: 50 m baksund. Drengir 65 sek. Stúlkur 68 sek.
- 50 m bringusund, stílsund.
- Tímataka: 100 m bringusund. Drengir 2:15 mín. Stúlkur 2:20 mín.
- 12 metra kafastund, stílsund.
- Tímataka: 50 m skriðsund. Drengir 55 sek. Stúlkur 58 sek.

Sund

Viðmið úr námskrá

GF sund 9.-10.bekkur - Félagslegir þættir

- Tekur frumkvæði í námi sínu, sýnir góða virkni og sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð.
- Vinnur með öðrum, sýnir fallega framkomu og tekur á jákvæðan hátt þátt í uppbyggilegum samskiptum.
- Tekur frumkvæði í námi sínu, sýnir góða virkni og sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð.
- Vinnur með öðrum, sýnir fallega framkomu og tekur á jákvæðan hátt þátt í uppbyggilegum samskiptum. OBJ

GF sund 9.-10.bekkur - Heilsa og efling þekkingar

- Þrjú leysitök: Grip í fatnað framan frá - grip um háls aftan frá - grip um brjóst aftan frá.

GF sund 9.-10.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur

- Þekkir eina lífgunaraðferð.

Sviðslistir

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Spuni, leikræn tjáning, vera góður áhorfandi, taka þátt í hópleikum o.fl.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Efni frá kennara

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Spuni, leikræn tjáning, hópleikir o.fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, jafningamat, sviðsframkoma, þátttaka o.fl.

Sviðslistir

Viðmið úr námskrá

GF sviðslistir 8.- 9. bekkur - Leikræn tjáning

- Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
- Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
- Valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt.